

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 6. júní 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi austurbæjar í Vestmannaeyjum, dags. 26. nóvember 1987.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af skipulögðum lóðum að Litlagerði 2-12 og felst í að þeim lóðum er breytt úr sex íbúða raðhúsalóð í tvær parhúsalóðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum 20. júní 2002.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

Páll Einarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Biskupstungnahrepps Laugardalshrepps og Þingvallahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Selfossi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 268/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Bláskógabyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Skagahrepps og Vindhælishrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 1010/2001.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Skagabyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.